

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 19. september 2017 var samþykkt tillaga að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík. Í breytingu deiliskipulagsins felast m.a. breyting vegtengingar frá hafnarsvæði upp á Höfða, breyting lóða við Norðurgarð, ný lóð að Naustagarði 6 og breyting byggingarréttar að Naustagarði 2.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 9. nóvember 2017.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2017